



# Skógræktarfélag Selfoss

## Ársskýrsla Skógræktarfélags Selfoss 2020-2021

Gróður kom almennt vel undan vetri og laufgun var óvenju snemma, flestar trjátegundir allaufgaðar 25. maí. Vöxtur í trjágróðri um sumarið var mjög góður. Lítið bar á óværu svo sem sitkalús, trjámaðki og asparglittu en birki var ljótt um tíma vegna birkikemmbu.

Mikil blómgun og síðar góður fræproski var á birki, sitkagreni og lerki.

Í illviðri 16. - 18. júlí urðu miklar skemmdir á trjám í Hellisskógi, einkum áveðurs á mótí norðri. Nývöxtur á greni tættist af og tré og greinar brotnuðu. Í skjóli sluppu vaxtarsprotar alveg.



*Nokkrar stafafurur ultu um koll í ofsaveðri.*

Smám saman eru að koma í ljós skemmdir sem urðu í illviðrum í desember 2019 og í janúar og febrúar 2020. Tugir trjáa, mest furur hafa losnað og margar oltið í veðurofsanum.

Nokkuð bar á skemmdum og sóðaskap af mannavöldum. Mesta tjónið varð á birkiröðinni með veginum skammt frá Hellinum þar sem ökuníðingur ók niður 16 birkitré.

Skemmdir urðu á göngustíg næst Ölfusá vegna flóða og ísreks.

Mikill fjöldi fólks heimsótti Hellisskóg á árinu. Um gríðarlega aukningu er að ræða frá fyrri árum. Fjölskyldur með börn voru áberandi á meðan lokanir á skólum, sundlaugum og íþróttahúsum var í gildi í vor og haust 2020. Ástæðan eru sóttvarnartakmarkanir vegna covid. Fyrir Hellisskóg er þessi þróun mjög jákvæð en kallar á frekari uppbyggingu innviða svo sem gönguleiða, bílastæða og fræðsluskilta.

#### **Fundir:**

Aðalfundur Skógræktarfélag Selfoss var miðvikudaginn 10. júní kl 20:00 í austurrými Sólvalaskóla. Honum seinkaði vegna sóttvarnarreglna (Covid).

Á dagskrá voru:

- Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin er óbreytt.
- Örfyrirlestur um aspir og aspatilraun í Hellisskógi 1992.

Fyrirlesari: Úlfur Óskarsson.

Mæting var góð. 15 mættu.

Stjórn félagsins kom saman fjórum sinnum á starfsárinu. Allir fundir nema einn voru uppi í Hellisskógi.

Þann 18. mars var stjórnarfundur. Þar voru aðallega ræddar skipulagsbreytingar en einnig aðeins mögulegar breytingar á samningi við sveitarfélagið um Hellisskóg. Hermann útbjó kort með helstu göngu- og akstursleiðum um Hellisskóg. Formaður miðlaði því til Gísla og Helga.

Í framhaldinu vaknaði áhugi hjá sveitarfélaginu að merkja gönguleiðir og koma upp göngukortum.

Boðað var til fundar um málið en hann síðan afboðaður vegna hertra reglna um sóttvarnir.

Fundur með vegagerðinni.

Hermann, Örn og Sigmundur sátum fund með Bergþóru og skipulagsmanni hjá vegagerðinni í Borgartúni þriðjudaginn 18. ágúst. Rætt var um nýjan þjóðveg og brú og aðgerðir samhliða þeim framkvæmdum.

Þann 8. mars sat stjórn Skógræktarfélagssins fund með Gísla Bæjarstjóra og Helga Haraldssonar bæjarfulltrúa. Þar voru kynntar breytingar á aðkomu að Hellisskógi vegna lagningar nýs Suðurlandsvegar. Einnig voru ræddir möguleikar á stækkun skógræktarsvæðisins til norðurs, suðurs og vesturs.

Þann 12. apríl hafði Gámapjónustan samband og óskaði eftir samstarfi við Skógræktarfélagið um trjárækt umhverfis móttökustöðina í Hrísmýri.

### **Plöntun:**

Stungið var aspargræðingum í tilraunareiti 25-29 apríl. 13 kvæmi (ný) og 537 græðingar. Reitirnir eru norðan við Hellinn og ofan við mýri og skurð. Hreinn Óskarsson safnaði græðlingaefninu í tilraunareitum í Hrosshaga í Biskupstungum.



*Græðlingastunga ofan við mýrina norðan Hellis.*

13. maí. Stungið var aspargræðingum í Hellisskógi. Annars vegar meðfram Biskupstungnabraut, þar sem um 250 stórum græðingum var stungið inn á milli gamla víðirunna og í þyrpingar innar í skóginum. Einnig var stungið um 450 græðingum í tætt beltí norðan við Hellinn (ofan við mýrina). Alls 700 aspargræðingar. Mest voru þetta græðingar af c-14 kvæmi svo sem Salka, en einnig c-9 ættaðir af völdum trjám í Hellisskógi og á lóð HSu. 12 mættu í græðlingavinnuna. Verkið tók um 1 klst og drykkir og meðlæti á eftir á bílastæðinu við Biskupstungnabraut.

Þriðjudagskvöldið 19. maí var síðara vinnukvöldið í Hellisskógi. Að þessu sinni var plantað 600 sitkagreni (Sarpur, Seward) og 160 birkiplöntum í unnið (tætt) svæði austan við Hellinn. Þrettán félagar mættu.



### *Sitkagreni plantað austan við Hellinn.*

Í sumar var plantað 10 grenitrjám (pottaplöntur frá Kjarri) við endann á grasflötinni í trjásafnsreit, til að loka fyrir umferðarónæði af framtíðar suðurlandsvegi. Einnig var plantað runnum og trjám í trjásafnið sunnan við Ólareit og í trjásafn ofan við Hellisholt. Formaður dreifði reynitrjám úr eigin ræktun víða um Hellisskóg í sumar og haust.

3. sept. gáfu Sigurður Blöndal og Irma félaginu 16 koparreyniplöntur. Formaður plantaði þeim neðst í Hellisgili og með göngustíg með Ölfusá.

20. okt. Formaður fór út í Nátthaga og keypti pálmareyni, jósepsreyni, seljureyni, snælenju, risalífvið, serbagreni og 40 evrópulerki (hrymur). kr. 48.000-. Snælenjunni var plantað í gamla trjásafnið, en öðru var plantað í nýtt trjásafn SV-við Grímskletta. (Stjórnarmenn plöntuðu og funduðu kl 10-12 þann 25. okt). Einnig var plantað þar 2 m háum úlfareyni og kastaníu úr garði formanns og marpöll sem var flutt til innan svæðis.

Formaður sáði 8 lítrum af birkifræi í móa og flög á og sunnan við Eyholt 21. okt. Fræið var úr Þjórsárdal (Örn og Kristín) og sumarhúsalóð í Grímsnesi (Bergur).

### **Sumarvinnan:**

Sigmundur Stefánsson byrjaði að vinna í Hellisskógi í byrjun júní. Fyrsta verkið var að koma bíl og hjólbörum í gang. Bíllinn var rafmagnslaus og

loftlaus á tveimur dekkjum. Bíllinn gékk ágætlega eftir rafgeymahleðslu og dugði út sumarið. Fékk ekki fulla skoðun vegna ryðs og vöntunar á öryggisgrind í farþegarými, en var samt notaður. Hjólbörurnar vildu ekki ganga í fyrstu tilraun en eftir lagfæringar gengu þær ágætlega út sumarið. Sigmundur fékk þrjá starfsmenn með sér. Eins og áður greiddi Árborg / vinnumálastofnun laun starfsmanna en Skógræktarfélagið laun verkstjóra og rekstur bíls. Þeir byrjuðu 9. júní og unnu fram í fyrstu vikuna í ágúst.



### *Unnið að lagningu Simmastígs.*

Sigmundur og starfsmenn hans yfirfóru stíga og hreinsuðu úr skóginum mikið magn af birkibolum sem Björgvin grisjaði í skógarreitum norðan Tjarnar við Tjarnarhól og á trjásafnssvæðinu.

Vörubíll frá Árborg flutti fjóra bílfarma af greinum burtu af svæðinu.

Sigmundur fór með stærstu birkibolina upp að Snæfoksstöðum til vinnslu hjá skógrætarfélagi Árnesinga.

Vinnuflokkur frá vinnuskólanum (4-5 unglingar) unnu í Hellisskógi í 3 vikur í júlí. Þau lögðu stíg, um 300 m upp með Hellisgili. Stígurinn er um 120 cm breiður og jarðvegsdúkur undir. Þar með er komin tenging upp með Hellisgili og göngufært að Helli þá leiðina. Einnig var útbúið stæði fyrir borð og bekk við stíginn. Settar voru túnþökur á stæðið.

Í sumar var byrjað að huga að trjámerkingum í trjásafni. Sigmundur og hans menn grófu fyrir 12 staurum (120 cm og 4x4 tommur, gagnvarið timbur). Sett var hak á staurana svo erfiðara væri að toga þá upp og fyllt að með mól.

Snorri fékk tilboð frá Fagform í 10x10 cm álskilti fyrir trjásafnið. Þau kosta kr. 1500 + vsk. Fengum 50 spjöld (50 tegundir). 30 september límdi formaður spjöld á 12 staura og Snorri snyrti þá til. Afgangurinn bíður næsta sumars.

Sigmundur fór með hjólbörur og verkfæri upp í gám 17. ágúst og 19. ágúst tókum við bílinn af númerum og settum hann á stæði fyrir framan verkstæði Gauja Asterix. Hann telur bílinn alltof góðan til að henda honum og heldur að það muni kosta um 200 þúsund að gera hann skoðunarhæfann (öryggisgrind, ryðskemdir á undirvagni). Áður var Sigmundur búinn að heimsækja aðra staði sem töldu kostnaðinn vera um 300 þúsund.

### Fræðsla:

Ólafur viðburðastjóri hjá Árborg hafði samband og kannaði hvort vilji væri hjá Skógræktarfélagi Selfoss að taka þátt í viðburðum á vegum Árborgar í október. Þá var hann að hugsa um að félagið gæti kynnt sig og starfsemi sína. Þann 3. okt. kl 10-12. var ganga um Hellisskóg sem hluti af menningar-október. Alls komu 17 í gönguna. Hermann kynnti framtíðarplön og Hreinn fræddi um frætíslu.

Grein í Dagskrána. Í nóvember rituðu formaður og ritari stutta grein um Hellisskóg og stækkun bílastæðis. Greinin birtist í Dagskránni 25. nóvember.

### Ýmsar framkvæmdir:



Bílastæði: Vegna stóraukinnar aðsóknar í Hellisskóg þá voru bílastæðin iðulega full í vor, sumar og haust. Ákveðið að fá sveitarfélagið til að stækka aðal bílastæðið. Svæðið var merkt og Björgvin fjarlægði tré. 28. okt kom Kristján verkstjóri og lagði mat á stækkunina. Formaður sendi beiðni til bæjaryfirvalda um framkvæmdina. Hún var

samþykkt og starfsmenn áhaldahúss unnu verkið 11. - 12. nóvember. Mest

var þetta gröfuvinna en 10 kerruhlöss af mól fóru í planið. Þar með verður hægt að leggja 15-17 bílum í stæðið í stað 10.

Guðjón Helgi (Asterix) tætti fyrir plöntunarsvæðum vestan og norðan við Helli 10. nóv. Verkið tók 6 klst.

Formaður merkti fyrir skurðum í Hellisskógi í október. Björgvin sagaði víði og annan trjágróður frá skurðstæðum. Óli á Læk kom 30. október og byrjaði að grafa með litlu gröfunni. Hann vann flesta virka daga í 5 klst daglega til 27. nóv. Tveir skurðir um 600 m hvor voru um 1,3-1,5 m á dýpt, en aðrir um 1,0 m djúpir. Formaður stjórnaði verkinu og fylgdist með framkvæmdum alla daga og smíðaði 4 tveggja metra göngubrýr yfir skurðina. ennig voru keypt þrjú plaströr, 2,5 m löng og 6 tommu sver. Þau mynduðu ræsi þar sem skurðir þveruðu Hellisbrú.



Eins og undanfarin ár fékk sveitarfélagið Árborg nokkur tré í Hellisskógi til að skreyta torg og Tryggvagarð fyrir jólin.

Björgvin Örn Eggertsson sá um að grisja skóginn eins og undanfarin ár.

Stjórn Skógræktarfélags Selfoss 2020-21  
Örn Óskarsson formaður  
Snorri Sigurfinnsson ritari  
Hermann Ólafsson gjaldkeri  
Björgvin Örn Eggertsson meðstjórnandi  
Guðbjartur Ólason meðstjórnandi.